



European Monitoring Centre
for Drugs and Drug Addiction

LEIÐBEININGAR ECDC OG EMCDDA

Forvarnir og stjórn smitsjúkdóma hjá fólki sem sprautar sig með lyfjum

Samantekt

Frá því að HIV faraldurinn leit fyrst dagsins ljós hjá einstaklingum, sem sprautu sig með lyfjum, á miðjum níunda áratugnum hafa mörg Evrópulönd náð verulegum árangri í að innleiða gagnreyndar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir og hafa stjórn á smitsjúkdómum meðal þeirra sem sprautu sig með lyfjum. Á tíunda áratug síðustu aldar hófu Evrópusambandslöndin að þróa sameiginlega forvarnarstefnur bæði á sviði HIV/AIDS og eiturfjafa og eiturfjafafiknar. Á síðastliðnum tveimur áratugum hefur verið aukið við og meira lagt í ihlutanir á sviði forvarna og meðferða. Samkvæmt skýrslum frá árinu 2009 hefur meira en helmingur áætlaðra ópíoidneytenda, sem á við vandamál að stríða, farið í staðgengdarmeðferð og mörg lönd hafa komið á fót nála- og sprautuverkefnum sem sífellt ná til stærra svæðis. Gögn frá löndum, þar sem eftirlitskerfi hafa fest sig vel í sessi, benda til þess að fjöldi nýrra HIV smita meðal sprautufikla hafi dregist töluvert saman í flestum en þó ekki öllum Evrópusambandslöndum síðasta áratug.

Í nágrannaríkjum Evrópusambandsins leikur sprautufikn enn stórt hlutverk þegar kemur að hættunni á að fá blóðborna og aðra smitsjúkdóma, meðal annars HIV, lífrabólgu B og C, berkla, veirusýkingar í húð og mjúkvefjum og almennar sýkingar. Mat á fjölda fólks, sem sprautar sig með lyfjum, bendir til þess að töluvert stór hópur sé í hættu á að fá þessi smit í öllum Evrópulöndum. Ef ekki er gripið til aðgerða verða þessar sýkingar mikil áþján fyrir heilbrigðiskerfi Evrópu, leiða til verulegra þjáninga fólks ásamt því að hafa í för með sér mikinn kostnað við lækni meðferðir.

Sýnt hefur verið fram á að hagnýt nálgun lýðheilsuforvarna getur haft í för með sér góð áhrif við að draga úr útbreiðslu blóðborinna veirusýkinga og annarra sýkinga hjá einstaklingum sem sprautu sig með lyfjum. Forvarnir eru fýsilegar og skilvirkar ef rétt er að þeim staðið.

Sjö ráðlagðar meginíhlutanir

Þessar gagnreyndu sameiginlegu leiðbeiningar ECDC og EMCDDA benda á góða starfshætti við forvarnir og stjórn á smitsjúkdómum meðal einstaklinga sem sprautu sig með lyfjum.

Með hliðsjón af bestu upplýsingum í boði, sérfræðiálitum og góðum starfsháttum í ESB/EES ætti að beita eftirfarandi sjö lykilihlutunum og ef þess er kostur í sameiningu til þess að ná sem bestum árangri við forvarnirnar:

Liðir við lykilhlutanirnar

Sprautubúnaður: Sjá fyrir löglegum aðgangi að hreinum sprautubúnaði, meðal annars nægilegu framboði af dauðhreinsuðum nálum og sprautum án endurgjalds. Þetta væri hluti af margþátta nálgun sem framkvæmd yrði gegn um skaðaminnkunaráætlanir, ráðgjöf og meðferðir.

Bólusetning: Bóluefni fyrir lifrabólgu A og B, stífkrampa, influensu og sér í lagi pneumokokkabóluefni fyrir HIV jákvæða einstaklinga.

Meðferð gegn lyfjafíkn: Opiodstaðgengdarmeðferðir og árangurrikar meðferðir gegn lyfjafíkn.

Prófanir: Þjóða ætti reglulega upp á leynilegar prófanir á sjálfboðaliðum með upplýstu samþykki fyrir HIV, HCV (HBV fyrir óbólusetta) og aðrar sykingar, meðal annars berkla.

Meðferð gegn smitsjúkdómum: Veirueyðandi meðferð, sem byggir á klínískum vísbendingum, fyrir þá sem smitaðir eru af HIV, HBV eða HCV. Berkla meðferð fyrir virk berklamál. Íhuga ætti fyrirbyggjandi berklameðferð fyrir einstaklinga með dulda berklasýkingu. Þjóða ætti upp á meðferð gegn öðrum smitsjúkdómum í samræmi við klínískar ábendingar.

Heilsuefling: Heilsuefling þar sem áhersla er lögð á öruggari sprautunotkun; kynheilbrigði, þar á meðal notkun smokka; og sjúkdómaforvarnir, prófanir og meðferðir.

Markhópur þjónustunnar: Þjónustan ætti að vera skipulögð, samsett og framkvæmd í samræmi við þarfir notenda og aðstæður á hverjum stað; í því felst framboð á þjónustu fari eftir umfangi og sé á föstum meðferðarstöðum þar sem boðið er upp á lyfjameðferð, skaðaminnkun, ráðgjöf og prófanir og tilvísanir til heimilis- og sérfræðillækna.

Ná fram samlegð: sameina lykilhlutanir

Nýlegar rannsóknir og reynslan af árangursríkum forvarnaraðgerðum sýna fram á aukið gildi þess að beita fjölbreyttum skilvirkum íhlutum á sömu stöðum og að standa fyrir sameinuðum aðgerðum í samræmi við þarfir skjólstaðinganna til þess að ná sem bestum árangri við að koma í veg fyrir sykingar.

Markhópur

Þessar leiðbeiningar miða að því að styðja við stjórnvöld í Evrópu við að leggja drög að fullnægjandi, gagnreyndum, hagnýtum og rökrétt hönnuðum viðbrögðum í því skyni að koma í veg fyrir og hafa stjórn á sykingum meðal einstaklinga sem sprauta sig með lyfjum. Þær beinast að þeim, sem stunda áætlunargerð á sviði lýðheilsu, stjórnvöldum, sem vinna með smitsjúkdóma, heilbrigði almennings, fíkníávana og geðheilsu, félagsþjónustunum og lyfjaeftirliti á landsvísi og í héruðum.

Leiðbeiningarnar eru samræmdar og styðja við núverandi stefnur Evrópusambandsins á sviði lyfjaeftirlits og smitsjúkdóma og miða að því að veita yfirsýn yfir bestu þekkingu, sem er til staðar, á sviðinu auk þess að auka við fyrra starf svo sameiginlegar íhlutanir séu einnig teknar með. Þær byggja líka á grunni lykiligilda, sem leidd hafa verið af meginreglum á sviði lýðheilsu og mannréttinda, en þær ættu að vera leiðarljós í öllu forvarnar- og meðferðarstarfi.

Gagnreyndar lýðheilsuleiðbeiningar

Rannsóknarniðurstöður, sem skipta máli fyrir þessar leiðbeiningar, hafa verið skoðaðar og metnar með gagnreyndum lögmálum læknisfræðinnar aðlöguðum að lýðheilsufræðinni. Við gerð leiðbeininganna var farið ítarlega yfir hágæða vísindagögn og niðurstöðurnar felldar saman við sérfræðiþekkingu og ráðgjöf hvað varðar ávinning og skaða. Góðir starfshættir ásamt vilja notenda hefur auk þennan þátt sitt við gerð þeirra lykilihlutana sem ráðlagðar eru í þessu skjali.

Innlend samræming

Forsenda skilvirkrar framkvæmdar á lykilihlutum er innlent og staðbundið samstarf og samræming millum geira. Mjög mikilvægt er að mynda innlenda samstöðu og virða sameiginleg markmið þegar kemur að árangursríki framkvæmd íhlutananna. Aðilar úr öllum geirum ættu að samþykkja markmiðin, sérstaklega þau sem hafa með fólk, sem sprautar sig með lyfjum, að gera.

Sérsniðnar ráðstafanir að innlendum aðstæðum

Til þess að tryggja að ihlutanirnar þjóni best þeim hópum fólks, sem sprautar sig með lyfjum, ásamt því að koma í veg fyrir og hafa stjórn á smitsjúkdómum þarf fullnægjandi eftirlit með vandræðabundinni lyfjanotkun og sýkingum á landsvísu og á ákveðnum svæðum að vera til staðar. Hafa ætti viðvarandi eftirlit með þeim ráðstöfunum, sem gripið er til, og leggja mat á þær hvað varðar viðbrögð, áhrif, þýðingu og umfang. Fjárfesting í fullnægjandi eftirlitskerfum bæði fyrir lyfjanotkun og smitsjúkdóma er nauðsynleg og hagkvæm.

Viðbendingar gefa til kynna að meiri útbreiðsla nála- og sprautuáætlana og staðgengdarmeðferða með ópíoidi fyrir sprautufíkla séu skilvirkari en minni útbreiðsla. Markmiðið ætti að vera að tryggja að þjónustan í boði standist þarfir og eftirspurn viðkomandi staðar. Ósvaraðri eftirspurn eftir þjónustu við að skipta út nálum og sprautum eða biðtími eftir lyfjameðferð bendir til óskilvirkni í forvarnarstarfi.